

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 417/1991.

Ábyrgðadeild fiskeldislána

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Ábyrgð. Afurðalán. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá tveimur málsástæðum sínum í héraði, annars vegar, að stefndi hafi vitað um raunverulega birgðastöðu Faxalax hf. og borið að bíða með útborgun lána til 7. desember 1989, er nýjar birgðaskýrslur lágu fyrir, hins vegar, að sala Faxalax hf. á afurðum, án þess að andvirði þeirra hafi verið greitt inn á veðkröfur, eigi að leiða til sýknu af kröfum stefnda.

II.

Í héraðsdómi er skilmerkilega greint frá málavöxtum. Eins og þar kemur fram, sendi Reykvísk endurtrygging hf. stefnda 18. ágúst 1989 afrit af bréfi sínu til Faxalax hf. 28. júlí sama ár, þar sem fyrirvari var gerður um tryggingar á svokölluðum Bridgestone-kvíum vegna ófullnægjandi festinga þeirra. Björn Sveinsson, starfsmaður stefnda, sem einkum sá um málefni Faxalax hf. í bankanum, skýrði svo frá fyrir dómi, að bréf þetta hefði verið sent stefnda, þar sem

forsvarsmenn Faxalax hf. hefðu farið fram á lán hjá stefnda til að fjármagna endurbætur á festingum kvíanna, og hefði slíkt lán verið veitt. Hins vegar hefði ekki verið litið svo á, að fyrirvari í bréfinu næði til annars en tryggingar á kvíunum sjálfum, og vitneskja um fyrirvara á fiskeldistryggingunni hefði fyrst borist stefnda í janúar-byrjun 1990. Á þessum tíma var í gildi fiskeldistrygging, sem átti að renna út 31. október 1989, en var framlengd til áramóta.

Bjarni G. Bjarnason, sem var einn af forsvarsmönnum Reykvískrar endurtryggingar hf. á þessum tíma, sagði fyrir dómi, að í bréfinu hefði einnig átt að felast fyrirvari um fiskeldistrygginguna, en viðurkenndi, að orðalag hefði verið mjög ónákvæmt og eftir orðanna hljóðan mætti ætla, að einungis væri átt við tryggingu kvíanna sjálfra. Óumdeilt er, að ekkert bréf var sent stefnda þetta varðandi frá 18. ágúst 1989 til 8. janúar 1990, er honum barst afrit bréfs Reykvískrar endurtryggingar hf. til Faxalax hf. 27. desember 1989, þar sem gerð var grein fyrir takmörkun á fiskeldistryggingunni.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af öðru því, sem rakið er í héraðsdómi um þetta, er staðfest sú niðurstaða hans, að ósannað sé, að stefndi hafi 1. desember 1989, þegar sjálfskuldarábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands er veitt, mátt vita, að fiskeldistrygging Faxalax hf. væri ekki í fullu gildi. Þá verður ekki talið, að þögn stefnda um þau atriði, sem fólust í bréfinu frá 18. ágúst 1989 og hann mátti ætla, að eingöngu vörðuðu tryggingu Bridgestone-kvíanna, verði virt honum til sakar, sem leiða eigi til ógildingar sjálfskuldarábyrgðar Framkvæmdasjóðs Íslands. Þykir í því sambandi meðal annars verða að horfa til yfirlýsingar Reykvískrar endurtryggingar hf. 19. október 1989 til Tryggingasjóðs fiskeldislána um fiskeldistryggingu Faxalax hf., án þess að gerð væri þar nokkur grein fyrir takmörkunum eða fyrirvörum. Slík yfirlýsing var skilyrði þess, að sjóðurinn tækist á hendur einfalda ábyrgð gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands. Í ljósi þeirrar vitneskju, sem stefndi sannanlega hafði á þessum tíma, verður ekki á öðru byggt en að hann hafi haft ástæðu til að treysta því, að enginn vafi léki á um fyrirvaralaust gildi fiskeldistryggingarinnar.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað, en

rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ábyrgðadeild fiskeldislána, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 1.000.000 króna samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hrafns Bragasonar og Hjartar Torfasonar

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Verslunarbanki Íslands hf. hafði veitt Laxalóni hf. lán með sjálfsvörsluveði í seiðum þeim, sem Faxalax hf. keypti. Lán bankans til Faxalax hf., sem Framkvæmdasjóður Íslands ábyrgðist með sjálfsvörsluveði að fenginni bakábyrgð frá Tryggingasjóði fiskeldislána, fór að miklum hluta til greiðslu á láni Laxalóns hf. við bankann. Sömu hluthafar voru að félögunum tveimur.

Lögskipti málsaðila fóru að samstarfssamningi Verslunarbankans og Framkvæmdasjóðs vegna sjálfskuldarábyrgða sjóðsins á viðbótarafurðalánum til fiskeldis. Í samningnum segir meðal annars um skyldur bankans: „Bankinn fylgir því eftir, í samræmi við afurðalánasamninga sína, að hinar veðsettu birgðir séu ávallt vátryggðar í samræmi við skilyrði hans, þ. e. með 50% umframskaðatryggingu eða annarri jafngóðri tryggingu.“ Samkvæmt þessu hefur bankinn tekið að sér að hafa eftirlit með því, að tryggingar væru í gildi og bættu það tjón, sem hugsanlega gæti orðið á birgðunum, og var það í eðlilegu samræmi við stöðu hans sem lánveitanda til fiskeldisfyrirtækisins.

Í váttryggingarskírteininu fyrir birgðirnar kemur fram, að þær áttu að vera tryggðar fyrir tjóni, sem er einkennandi fyrir fiskeldi, en einnig fyrir öðru tjóni, eins og því, er verða kynni vegna bilunar á kvíunum. Ómótmælt er, að starfsmenn bankans vissu um athugasemdir tryggingafélagsins vegna festinga kvíanna, þegar þeir veittu

lánið. Þeir máttu vita, að tryggingafélagið myndi takmarka ábyrgð sína, ef festingarnar yrðu ekki lagfærðar, svo sem það gerði með bréfi til Faxalax hf. 27. desember 1989 og tilkynnti bankanum með bréfi 8. janúar 1990. Bankinn mótmælti þessum fyrirvara tryggingafélagsins 18. janúar 1990, sem leiddi til þess, að félagið sagði upp tryggingunni með 15 daga fyrirvara 25. janúar sama ár. Þegar Framkvæmdasjóði barst afrit af uppsögn tryggingarinnar, voru það viðbrögð fyrirvarsmanna hans að lýsa yfir, að sjóðurinn teldi ábyrgð sína ekki í gildi, og var vísað til ákvæða samstarfssamningsins þar um. Töldu fyrirvarsmennirnir, að fram væri komið, að váttryggingamál Faxalax hf. hefðu verið í ólestri, þegar sjóðurinn tók á sig ábyrgð á láni Verslunarbankans til fiskeldisfyrirtækisins. Þegar litið er til samstarfssamnings sjóðsins og bankans, verður við það að miða, að bankanum hafi borið að skýra sjóðnum frá ástandi kvíanna og frá athugasemdum tryggingafélagsins. Þá bar bankanum vegna samningsins að halda við tryggingunni eða afla annarrar jafngóðrar, vildi hann halda ábyrgðinni á hendur sjóðnum. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1991.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. mars 1991.

Stefnandi málsins er Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefndi er Ábyrgðadeild fiskeldislána, kt. 530269-1679, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Málið var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu með þingfestingu stefnu á hendur Framkvæmdasjóði Íslands, kt. 560169-1839, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, og með stefnu, birtri 11. apríl 1990, á hendur Tryggingasjóði fiskeldislána, kt. 010551-4719, Laugavegi 120, Reykjavík, til réttargæslu.

Einnig var Faxalaxi hf., kt. 620988-1709, Vogum, Vatnsleysuströnd, Gullbringusýslu, stefnt í málinu, en í greinargerð stefnanda, sem lögð var fram við þingfestingu málsins, var fallið frá kröfum á hendur félaginu, þar sem félagið hafði verið úrskurðað gjaldþrota 23. apríl 1990.

Aðild málsins hefur tekið þeim breytingum, að í þinghaldi 23. nóvember 1990 lýsti lögmaður réttargæslustefnda yfir, að Ábyrgðadeild fiskeldislána

tæki við aðild málsins af Tryggingasjóði fiskeldislána og hefði stöðu aðila í málinu. Varð að samkomulagi, að stefnandi beindi nú dómkröfum sínum að Framkvæmdasjóði Íslands og Ábyrgðadeild fiskeldislána in solidum.

Í þinghaldi 25. febrúar 1991 féll stefnandi síðan frá kröfum á hendur stefnda Framkvæmdasjóði Íslands.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að Ábyrgðadeild fiskeldislána verði gert að greiða stefnanda 32.209.092 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags [...]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...]. Til vara gerir stefndi þær kröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Hinn 29. júlí 1988 var Faxalax hf. stofnað. Félagið rak sjókvíaelði á laxi og silungi í Stakksfirði við Voga á Vatnsleysuströnd. Seiðin keypti félagið af Laxalóni hf., en Verslunarbanki Íslands hf. hafði áður veitt Laxalóni hf. afurðalán með sjálfsvörsluveði í seiðunum.

Faxalax hf. keypti fiskeldistryggingu hjá Reykvískri endurtryggingu hf. vegna seiðanna, samanber tryggingarskírteini nr. 8830047 á dómskjali nr. 30, en gildistími hennar var frá 1. nóvember 1988 til 31. október 1989.

Tryggingasjóður fiskeldislána var stofnaður með l. nr. 3/1989 um breytingu á l. nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Samkvæmt 1. gr. laganna var hlutverk hans að tryggja greiðslur afurðalána, sem bankar og sparisjóðir veittu innlendum fiskeldisfyrirtækjum, og tryggja með því, að rekstrar- og afurðalán þessara fyrirtækja gætu numið allt að 75% af verðmæti birgða. Sjóðurinn skyldi hafa sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag, en vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þegar á reyndi, hafi viðskiptabankar og sparisjóðir ekki viljað veita fiskeldisfyrirtækjum frekari afurðalán gegn greiðslutryggingu sjóðsins, þar sem greiðslutryggingin jafngilti aðeins einfaldri ábyrgð og kæmi þessum aðilum ekki að neinu gagni, fyrr en viðkomandi fiskeldisfyrirtæki hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta. Niðurstaða úr viðræðum Framkvæmdasjóðs Íslands, Tryggingasjóðs fiskeldislána, viðskiptabanka og sparisjóða hafi orðið sú, að hinir síðastnefndu myndu veita fiskeldisfyrirtækjum viðbótarafurðalán gegn svokallaðri sjálfskuldarábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands, en Tryggingasjóður fiskeldislána tækist á hendur einfalda ábyrgð á skuldbindingum fiskeldisfyrirtækjanna gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands.

Faxalax hf. óskaði eftir afurðaláni hjá Verslunarbanka Íslands hf., sem næmi 75% af verðmæti birgða. Jafnframt lagði félagið fram umsókn um greiðslutryggingu úr Tryggingasjóði fiskeldislána. Sótt var um tryggingu hjá sjóðnum á afurðaláni frá Verslunarbanka Íslands hf., sem næmi 37,5% af verðmæti birgða til viðbótar öðru jafnstóru afurðaláni.

Umsókn þessari fylgdi yfirlýsing Reykvískrar endurtryggingar hf., undirrituð af Hjördísi Hendriksdóttur 19. október 1989. Var þar staðfest, að Faxalax hf. væri með fiskeldistryggingu hjá tryggingafélaginu með svokallaðri 50% umframskaðatryggingu og að tryggingin gildi frá 1. nóvember 1988 til 31. október 1989. Þess var getið, að um trygginguna giltu skildagar 3, 4 og 8 og að yfirlýsingunni fylgdi ljósrit af tryggingarskírteini og skildögum. Þessir skildagar eru hluti af dóm skjali nr. 31 og snerta ekki deilufeni aðila. Umsókn Faxalax hf. fylgdi einnig eldisáætlun fyrir nóvember og desember 1989.

Vegna umsóknarinnar skoðaði starfsmaður Tryggingasjóðs fiskeldislána fiskeldisstöð Faxalax hf. 5. nóvember 1989.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið um ýtarlega skoðun að ræða og tilgangur hennar hafi í raun aðeins verið sá að átta sig á starfsemi félagsins, staðsetningu stöðvarinnar og koma á tengslum við starfsmenn hennar.

Hinn 22. nóvember 1989 samþykkti stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána greiðslutryggingu sjóðsins fyrir 25% afurðaláni til viðbótar 37,5% afurðaláni til Faxalax hf., báðum frá Verslunarbanka Íslands hf., þannig, að áhvílandi afurðalán næmu að jafnaði ekki nema 62,5% af verðmæti birgða á hverjum tíma samkvæmt mánaðarlegum birgðaskýrslum félagsins. Greiðslutryggingin var veitt með þeim fyrirvara, að Faxalax hf. fengi afurðalánaviðskipti, áður en greiðsluábyrgð sjóðsins yrði gefin út. Ábyrgðaryfirlýsinguna skyldi gefa út vegna nýs afurðalánasamnings með 2. veðrétti í birgðum, og skyldi fjárhæð hans vera allt að 35 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt 22. nóvember 1989.

Nokkur skilyrði voru sett fyrir greiðslutryggingunni, þ. á m., að Verslunarbanka Íslands hf. skyldi innheimta og greiða vegna Faxalax hf. 1,625% iðgjald til sjóðsins, um leið og lánið yrði greitt út, og að félagið afhenti skuldaviðurkenningu vegna áhættugjalds, sem næmi 1,625% af 42 milljónum króna.

Hinn 28. nóvember 1989 gerði Faxalax hf. tvo afurðalánasamninga við Verslunarbanka Íslands hf., annars vegar afurðalánasamning nr. 3970 vegna láns að andvirði allt að SDR (sérstök dráttarréttindi) 218.150, hins vegar afurðalánasamning nr. 3971 vegna láns að andvirði allt að DEM (v-þýsk

mörk) 505.788. Lánin voru í formi reikningslána og lánsfjárhæðin ákvörðuð af birgðum afurða, eldisfisks og rekstrarvöru á hverjum tíma.

Afurðalánin voru tryggð með sjálfsvörsluveði, 2. veðrétti, í fiski, afurðum, andvirði afurða, tryggingabótum, rekstrarvörum o. fl. næst á eftir afurðaláni á 1. veðrétti, að fjárhæð USD 850.000, frá 27. nóvember 1989.

Hinn 1. desember 1989 gaf Framkvæmdasjóður Íslands út svokallaða „yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð á viðbótarláni til fiskeldis“ vegna framangreindra viðbótarafurðalána. Tekið var fram, að afurðalán samkvæmt ábyrgðinni skyldi nema 25% af verðmæti birgða samkvæmt mánaðarlegum birgðaskýrslum lántaka. Af hálfu Verslunarbanka Íslands hf. var ritað á yfirlýsinguna, að bankinn tæki að sér að veita Faxalaxi hf. viðbótarafurðalán gegn ábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands, samanber meðfylgjandi samstarfssamning. Samstarfssamningur þessi var undirritaður af hálfu bankans og sjóðsins og hafði að geyma ákvæði um skyldur beggja aðila og vinnureglur um samskipti aðila.

Sama dag tókst Tryggingasjóður fiskeldislána á hendur einfalda ábyrgð á greiðsluskuldbindingum Faxalax hf. gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands vegna innlausnar á kröfum samkvæmt ofangreindum viðbótarafurðalánasamningum Faxalax hf. við Verslunarbanka Íslands hf.

Bankinn greiddi síðan Faxalaxi hf. 4. desember 1989 andvirði afurðalánsins á 1. veðrétti, 52.753.488 kr., og viðbótarafurðalánanna, 35.168.393 kr.

Á grundvelli skýrslna frá Reykvískri endurtryggingu hf. fyrir nóvember 1989, sem leiddu í ljós lækkun á váttryggingarverðmæti, krafði bankinn Framkvæmdasjóð Íslands 19. desember 1989 um 3.737.351 kr. til að koma viðbótarafurðalánunum í skil. Greiddi sjóðurinn kröfuna 22. desember 1989. Á grundvelli desemberskýrslna tryggingafélagsins um lækkun á váttryggingarverðmæti frá því í nóvember krafði stefnandi sjóðinn 9. janúar 1990 um 435.432 kr., sem sjóðurinn greiddi ekki.

Sem fyrr segir, tryggði Faxalax hf. eldisfiskinn hjá Reykvískri endurtryggingu hf. og einnig eldiskvíarnar. Tryggingafélagið hafði gagnrýnt festingar á svokölluðum Bridgestone-kvíum. Faxalaxi hf. var sent bréf 28. júlí 1989, undirritað af Bjarna Bjarnasyni, vegna þessa með yfirskriftinni „Bráða-birgðafestingar fyrir Bridgestone-kvíar“. Í bréfinu var svohljóðandi athugasemd: „Ef festingar, sem viðurkenndar eru af framleiðanda Bridgestone-kvíanna, hafa ekki verið settar niður og tengdar kvíunum fyrir 1. sept. nk., fellur váttrygging þeirra niður.“ Tryggingafélagið sendi bankanum afrit af bréfinu 18. ágúst 1989.

Tryggingafélagið sendi Faxalaxi hf. annað bréf, dagsett 2. október 1989, og hjálagt skírteini fyrir váttryggingu á fjórum Bridgestone-kvíum fyrir

tímabilið 29. september 1989 til og með 15. október 1989. Jafnframt er vakin athygli á því, að tjón, sem kynni að verða á fiski í kvíunum eftir 15. október 1989 vegna rifu á nótum, skemmda á kvíum eða ófullnægjandi festinga, væru ekki bótaskyld úr núgildandi fiskeldistryggingu Faxalax hf.

Ekkert kom fram um þessa fyrirvara í yfirlýsingu Reykvískrar endurtryggingar hf. til Tryggingasjóðs fiskeldislána 19. október 1989, og var vátryggingartímabil fiskeldistryggingar Faxalax hf. framlengt frá 1. nóvember 1989 til 31. desember 1989, án þess að nokkuð kæmi þar fram um þessa fyrirvara.

Hinn 27. desember 1989 sendi tryggingafélagið Faxalaxi hf. enn bréf með yfirskriftinni „Fiskeldistrygging“. Var þar bent á, að vátrygging á fjórum Bridgestone-kvíum hefði runnið út 5. desember 1989 og þar af leiðandi væri tjón á fiski, sem rekja mætti til rifu á nót, skemmda á kvíum eða ófullnægjandi festinga, ekki bótaskyld úr núgildandi fiskeldistryggingu Faxalax hf.

Verslunarbanki Íslands hf. framseldi Íslandsbanka hf. afurðalánasamningana 31. desember 1989.

Tryggingafélagið sendi stefnanda afrit af síðastnefndu bréfi 8. janúar 1990. Jafnframt sendi tryggingafélagið bankanum bréf, undirritað af Össuri Skarphéðinssyni, þar sem tilkynnt var, að fiskeldistryggingin hefði verið endurnýjuð og gilti frá 1. janúar 1990 til 31. desember 1990 með undanþágum vegna ófullnægjandi bólfæra eldiskvíanna.

Af hálfu stefnanda var fyrirvara tryggingafélagsins mótmælt með bréfi, dagsettu 18. janúar 1990, og í kjölfar þess ritaði það stefnanda tilkynningu 25. janúar 1990 um uppsögn á fiskeldistryggingu Faxalax hf. með 15 daga fyrirvara.

Framkvæmdasjóði barst ljósrit af tilkynningu þessari, og voru viðbrögð sjóðsins þau að rita stefnanda bréf, dagsett 2. febrúar, þar sem fram kom, að upplýst væri, að vátryggingamál Faxalax hf. væru í miklum ólestri og hefðu verið það, þegar sjóðurinn hefði tekist á hendur ábyrgð á viðbótarafurðaláni Faxalax hf. Var vísað til samstarfssamnings bankans og sjóðsins og því lýst yfir, að sjóðurinn liti svo á, að ábyrgð sín á viðbótarafurðaláni Faxalax hf. væri ekki í gildi.

Eftir bréfaskriftir bankans, sjóðsins og Faxalax hf. sagði stefnandi upp öllum viðskiptum við Faxalax hf. 27. febrúar 1990 og gjaldfelldi allar skuldir félagsins við bankann, þar á meðal afurðalánasamninga nr. 3970 og 3971. Staða láns nr. 3970 var þá 16.009.961 kr., en láns nr. 3971 16.199.131 kr., og staða viðbótarafurðalánanna samtals 32.209.092 kr., sem eru stefnujárhæð málsins.

Málsástæður stefnanda eru þær, að Framkvæmdasjóður Íslands hafi tek-

ist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu viðbótarafurðalána Faxalax hf. hjá Verslunarbanka Íslands hf. Um hafi verið að ræða gildan samning, og þann samning beri stefnda að halda. Stefnandi telur sig á engan hátt hafa brotið gegn skyldum sínum við Framkvæmdasjóð Íslands, löglega hafi verið staðið að stofnun samninga þeirra og ekkert háttarni af hálfu Verslunarbanka Íslands hf. eða stefnanda gefi tilefni til ógildis ábyrgðarinnar.

Stefnandi telur, að Verslunarbanki Íslands hf. hafi ekki haft neina upplýsingaskyldu gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands um tryggingarmál Faxalax hf. og að bankinn hafi ekki haft frumkvæði um að afla trygginga. Áður en til veitingar viðbótarafurðalánanna kom, hafi stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána hins vegar aflað upplýsinga um, hvort Faxalax hf. fullnægði skilyrðum, sem lög og reglur um þann sjóð áskilji fyrir greiðslu tryggingu sjóðsins. Samþykki sjóðsins hafi byggst á frjálsu mati hans, og hafi yfirlýsing frá Reykvískri endurtryggingu hf. verið meðal þeirra gagna, sem þá hafi verið aflað. Á grundvelli þeirra upplýsinga og á mati stjórnar Tryggingasjóðs fiskeldislána hafi greiðsluábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands byggst.

Stefnandi kveður Framkvæmdasjóð Íslands og Tryggingasjóð fiskeldislána hafa haft yfirburði gagnvart Verslunarbanka Íslands hf., að því er varðaði tryggingamál vegna faglegrar þekkingar á fiskeldi.

Stefnandi kveður ábyrgð stefnda sérstaklega ríka, þar sem sérstakt áhættugjald hafi verið greitt vegna greiðsluábyrgðarinnar, og að auki séu opinberar ábyrgðir almennt taldar bestu ábyrgðir, sem völ sé á.

Stefnandi byggir á því, að Verslunarbanki Íslands hf. hafi ekki brugðist skyldum sínum samkvæmt samstarfssamningi bankans og Framkvæmdasjóðs Íslands.

Að því er váttryggingar varði, hafi bankanum borið samkvæmt ákvæði B-2 að fylgja því eftir, að veðið væri váttryggt með nánar tilgreindum hætti. Bæði Tryggingasjóður fiskeldislána og bankinn hafi fengið afrit af tryggingaskírteinum vegna fiskeldistryggingar Faxalax hf. hjá Reykvískri endurtryggingu hf., og hafi skilmálar þeirra samrýmst ákvæðum samstarfssamningsins um váttryggingu. Tryggingafélagið hafi fyrst tilkynnt stefnanda um takmörkun á bótaskyldu 8. janúar 1990, og hafi þá af hálfu stefnanda verið komið á fundi með forsvarsmönnum tryggingafélagsins og Faxalax hf. og leitast við að koma á samkomulagi um úrbætur, þannig, að tryggingafélagið félli frá takmörkun á bótaskyldu. Þegar það hafi ekki tekist og fiskeldistryggingunni hafi verið sagt upp, hafi stefnandi sagt upp afurðalánaviðskiptum við Faxalax hf. og gjaldfellt afurðalánin.

Stefnandi kveður, að gert hafi verið ráð fyrir í ákvæði B-4, að í þeim tilvikum, sem skilmálar afurðalánasamninganna yrðu brotnir af hálfu lántaka,

yrði brugðist við slíkum brotum með gjaldfellingu lána, sjóðurinn myndi leysa til sín gjaldfallna kröfu og bankinn annast innheimtu hennar í nafni sjóðsins. Á grundvelli þessa samningsákvæðis m. a. hafi stefnandi tilkynnt sjóðnum skriflega um gjaldfellingu lánanna 27. febrúar 1990 og jafnframt krafist greiðslu úr hendi sjóðsins.

Stefnandi kveðst beina kröfum sínum nú að Ábyrgðadeild fiskeldislána á grundvelli l. nr. 17/1990, samanber l. nr. 120/1990 um breytingu á 2. mgr. 8. gr. laganna. Kröfur stefnanda beinast að stefnda eingöngu vegna yfirtöku á sjálfskuldarábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands.

Við munnlegan flutning var af hálfu stefnda jafnt byggt á málsástæðum, sem fram komu í greinargerðum Framkvæmdasjóðs Íslands, og réttargæslustefnda, Tryggingasjóðs fiskeldislána. Af hálfu stefnanda var því lýst yfir, að ekki væru gerðar athugasemdir við þann málatilbúning.

Stefndi telur, að Verslunarbanki Íslands hf. hafi, áður en viðbótarafurðalánin voru veitt, verið búinn að taka alla þá áhættu, sem bankinn virtist vera að taka, þar sem bankinn hafi þegar átt veð í eldisfiskinum og stór hluti af andvirði afurðalánanna hafi runnið til greiðslu á eldri afurðalánum og öðrum ótryggjum kröfum. Stefndi telur, að bankinn hafi þannig verið að tryggja sér ábyrgð sjóðsins á eldri lánnum sínum við Faxalax hf. þvert ofan í tilgang l. nr. 3/1989.

Stefndi telur, að yfirlýsing Framkvæmdasjóðs Íslands hafi ekki falið í sér fortakslausa og óskilyrta sjálfskuldarábyrgð, heldur ábyrgð, sem hafi verið háð ákveðnum forsendum og skilyrðum eins og þeim, að Verslunarbanki Íslands hf. brygðist ekki skyldum sínum samkvæmt samstarfssamningnum. Það hafi bankinn hins vegar gert, og sé stefndi laus undan ábyrgðinni þegar af þeirri ástæðu, að forsvarsmenn bankans upplýstu Framkvæmdasjóð Íslands ekki um þær takmarkanir á fiskeldistryggingu, sem bankinn fékk sannanlega vitneskju um með bréfi tryggingafélagsins 8. janúar 1991. Þá telur stefndi, að í raun hafi skilyrðum um váttryggingar í lið B-2 í samstarfssamningnum aldrei verið fullnægt og um það hafi forsvarsmönnum bankans verið eða mátt vera kunnugt. Stefndi telur, að ofangreindar forsendur hafi í raun verið ákvörðunarástæður fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðarinnar, og þar sem þessar forsendur hafi brostið, sé stefndi ekki bundinn af yfirlýsingu Framkvæmdasjóðs Íslands.

Stefndi telur það sýknuástæðu, að bankanum hafi borið að bíða með að greiða Faxalaxi hf. andvirði viðbótarafurðalánanna þar til 7. desember, þegar nýjar birgðaskýrslur frá Faxalaxi hf. lágu fyrir. Einnig eigi það að leiða til sýknu, að stefnanda hafi átt að vera ljóst, að afurðir Faxalax hf. höfðu verið seldar innan lands og andvirði þeirra ekki skilað til bankans.

Stefndi ber fyrir sig ógildingarákvæði l. nr. 7/1936, sérstaklega 30. gr. Forsvarsmenn bankans hafi beitt Framkvæmdasjóð Íslands svikum, þar sem þeir hafi vitað, að laxar í eldiskvíum væru mun færri en birgðaskýrslur sögðu til um og að fyrirvarar væru á fiskeldistryggingu Faxalax hf., en sviksamlega þagað yfir þessari vitneskju. Einnig hafi Reykvísk endurtrygging hf. tekið þátt í þessum svikum.

Af sömu ástæðum sé óheiðarlegt af hálfu stefnanda að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu Framkvæmdasjóðs Íslands, og því beri að ógilda hana á grundvelli 33. gr. l. nr. 7/1936.

Þá hafi atvik við samningsgerðina verið með þeim hætti, að ósanngjarnt sé, að stefnandi geti borið hana fyrir sig, og því eigi að víkja samningnum til hliðar í heild sinni á grundvelli 36. gr. l. nr. 7/1936.

Forsendur og niðurstaða.

Stofnun og tilgangi Tryggingasjóðs fiskeldislána hefur áður verið lýst. Með l. nr. 17/1990, sem tóku gildi 6. apríl 1990, var ákveðið, að við Ríkisábyrgðasjóð skyldi starfa sérstök deild, Ábyrgðadeild fiskeldislána, sem tæki til starfa ekki síðar en 1. júlí 1990 og tæki við skuldbindingum og eignum Tryggingasjóðs fiskeldislána, sem þar með var lagður niður. Í 5. gr. laganna er ákvæði um, að deildinni skuli skipuð fimm manna stjórnarnefnd.

Í 3. gr. l. um Lánasýslu ríkisins nr. 43/1990, er tóku gildi 22. maí 1990, er kveðið á um, að starfsemi hennar skiptist í þrjú meginvið, þ. á m. ábyrgða- og endurlánamál, en starfrækja skuli Ríkisábyrgðasjóð sem deild við Lánasýslu ríkisins. Í 4. gr. er ákvæði um, að Lánasýsla ríkisins taki við öllum eignum og skuldum, kröfum og skuldbindingum Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 49/1962, eins og þær standi, þegar löggin öðlist gildi.

Sú breyting var gerð á 2. mgr. 8. gr. l. nr. 17/1990 með l. nr. 120/1990, sem tóku gildi 31. desember 1990, að jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir, sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefði gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands, skyldi Ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir, sem Framkvæmdasjóður hefði undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.

Ábyrgðadeild fiskeldislána er því deild í Ríkisábyrgðasjóði, sem starfræktur er sem deild við Lánasýslu ríkisins. Af hálfu stefnda hefur verið samþykkt, að dómkröfum málsins sé beint eingöngu að Ábyrgðadeild fiskeldislána og engin mótmæli höfð uppi um fyrirvarar eða aðild.

Stefnandi reisir málsóknina á undirritaðri yfirlýsingu Framkvæmdasjóðs Íslands um sjálfskuldarábyrgð á viðbótarafurðalánum Faxalax hf. hjá Verslunarbanka Íslands hf., en bankinn framseldi stefnanda afurðalánasamning-

ana 31. desember 1989. Stefndi telur sig ekki bundinn af yfirlýsingunni vegna atvika fyrir og eftir undirritun hennar og krefst sýknu.

Árni M. Mathiesen, fyrrverandi framkvæmdastjóri Faxalax hf., bar fyrir dómi, að forráðamönnum bankans hefði ekki verið kunnugt um fyrr en í janúar eða febrúar 1990, að fiskar í eldiskvíum Faxalax hf. hefðu verið færri en fram kom í birgðaskýrslum. Framburður annarra vitna þykir ekki benda til annars.

Gegn mótmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að forsvarsmenn bankans hafi haft vitneskju um, að laxar í eldiskvíum Faxalax hf. væru færri en birgðaskýrslur bentu til fyrr en á árinu 1990. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að forsvarsmenn bankans hafi sviksamlega þagað yfir þessu.

Fallast má á með stefnda, að bankinn hafi verið bundinn af samstarfs-samningi aðila. Stefndi heldur því fram, að bankinn hafi brotið gegn lið B-2 í samstarfssamningnum.

Í framburði vitna, sem störfuðu hjá Reykvískri endurtryggingu hf. á árinu 1989, kom fram, að athugasemdir hefðu verið gerðar við frágang eldiskvía Faxalax hf. og að af hálfu tryggingafélagsins hefði verið litið svo á, að fyrirvarar væru á fiskeldistryggingunni, þar til úr hefði verið bætt. Björn Sveinsson, sem starfaði sem sérfræðingur á lánasviði í Verslunarbanka Íslands hf., kom fyrir dóm og kvað engan í bankanum hafa vitað um fyrirvara af þessu tagi fyrr en 8. janúar 1990. Efni bréfs frá 28. júlí 1989, sem bankanum var sent afrit af 18. ágúst s. á., má skilja samkvæmt orðum þess á þann hátt, að eingöngu sé átt við fyrirvara um tryggingar á kvíunum sjálfum. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að tryggingafélagið hafi sent bankanum afrit af bréfi til Faxalax hf. frá 2. október 1989, þar sem fyrirvari um gildi fiskeldistryggingarinnar kom fram.

Tryggingafélagið sendi bankanum hins vegar 8. janúar 1990 afrit af bréfi til Faxalax hf. frá 27. desember 1989, þar sem takmörkun á fiskeldistryggingunni kom fram.

Reykvísk endurtrygging gaf út yfirlýsingu til Tryggingasjóðs fiskeldislána 19. október 1989 án þess að gera neina fyrirvara um takmörkun ábyrgðar og framlengdi síðan gildistíma váttryggingarinnar í tvo mánuði frá 1. nóvember 1989 að telja án slíkra fyrirvara.

Þrátt fyrir það að starfsfólk tryggingafélagsins hafi borið fyrir dómi, að starfsmenn bankans hafi vitað um takmarkanir tryggingafélagsins á bóta-ábyrgð, verður gegn mótmælum stefnanda og með hliðsjón af þeim bréfum og yfirlýsingum tryggingafélagsins, sem getið er hér að framan, að telja ósannað, að fyrir 1. desember 1989, þegar sjálfskuldarábyrgðin var veitt,

hafi vitneskja starfsmanna bankans um tryggingamál Faxalax hf. verið með þeim hætti, að þeir hafi mátt ætla, að fiskeldistryggingin væri ekki í fullu gildi.

Engin ákvæði eru í samstarfssamningi Framkvæmdasjóðs Íslands og Verslunarbanka Íslands hf. um, að brot bankans gegn samningnum skyldu leiða til þess, að ábyrgð bankans félli niður. Fallast má á með stefnanda, að heimild til niðurfellingar ábyrgðar, eftir að hún hafði verið veitt, hefði þurft að koma skýrt fram í ábyrgðaryfirlýsingunni eða samstarfssamningnum. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að hann sé laus undan ábyrgð sinni vegna vitneskju stefnanda um takmarkanir á fiskeldistryggingu Faxalax hf. eftir 1. desember 1989. Verður því hvorki talið, að bankinn hafi brotið gegn lið B-2 í samstarfssamningnum né forsvarsmenn hans leynt Framkvæmdasjóð upplýsingum um tryggingamál Faxalax hf.

Með framburði vitna þykir upplýst, að Framkvæmdasjóður Íslands byggði ákvarðanir um veitingu sjálfskuldarábyrgðarinnar á því, að Tryggingasjóður fiskeldislána hafði lagt blessun sína yfir lánveitinguna og tekist á hendur einfalda ábyrgð gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands. Ljóst er, að sjálfstæð könnun á tryggingamálum Faxalax hf. og veðandlaginu var ekki gerð af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands og stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána fékk upplýsingar sínar frá öðrum aðilum en bankanum.

Telja verður, að það hafi verið forsenda bankans jafnt sem Framkvæmdasjóðs Íslands, að fiskeldistrygging Faxalax hf. væri í fullu gildi, og jafnframt, að sjálfskuldarábyrgð sjóðsins hafi verið forsenda fyrir veitingu viðbótarafurðalánanna. Af ofangreindum ástæðum þykir ekki rétt að sýkna stefnda á grundvelli brostinna forsendna.

Af framangreindum ástæðum verður ekki heldur talið óheiðarlegt af hálfu stefnanda að gera kröfur á hendur stefnda á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar. Verður því ekki fallist á, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda á grundvelli 33. gr. l. nr. 7/1936.

Þá þykir stefndi ekki hafa fært að því fullnægjandi rök, að grundvöllur sé fyrir að beita 36. gr. l. nr. 7/1936 í máli þessu.

Með framlagningu dómskjals nr. 62, sem ekki hefur verið vefengt af hálfu stefnda, þykir sannað, að af andvirði afurðaláns á 1. veðrétti og viðbótarafurðalána hafi 48.135.875 kr. verið ráðstafað til greiðslu á skuld Faxalax hf. við Laxalón hf. vegna seiðakaupa og að sú fjárhæð hafi runnið til bankans til greiðslu á eldra afurðaláni, einnig, að greiddir hafi verið af andvirði lánanna víxlar, að fjárhæð 6.957.962,50 kr., samþykktir af Faxalaxi hf., en framseldir af Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Þá þykja dómskjöl nr. 62 og 70

sýna, að bankinn hafi ráðstafað 2.500.154 kr. af lánsfjárhæðinni vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans gagnvart Laxalóni hf.

Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á, að framangreindar víxilskuldir hafi ekki verið nægjanlega tryggðar. Þar sem andvirði afurðaláns bankans á 1. veðrétti var 52.753.488 kr., en samtala eldra afurðalánsins og greiðslu vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans fyrir Laxalón hf. var aðeins 50.636.029 kr., verður að telja, að áhætta bankans hafi aukist við veitingu viðbótarafurðalánanna til Faxalax hf. Þá kom fram í skýrslu Álfheiðar Ingadóttur, sem var formaður stjórnar Tryggingasjóðs fiskeldislána, að vitað hafi verið, að hluti af andvirði afurðalánsins myndi renna til greiðslu á skuld við Laxalón hf. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að bankinn hafi þegar verið búinn að taka þá áhættu, sem ábyrgð Framkvæmdasjóðs Íslands átti að tryggja, og veiting sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi þar með brotið gegn tilgangi l. nr. 3/1989.

Leitt hefur verið í ljós, að Faxalax hf. seldi afurðir, áður en félagið varð gjaldþrota, og án þess að andvirðinu væri skilað til Verslunarbanka Íslands hf. til greiðslu á afurðalánum. Með vísan til yfirlits yfir fiskisölu Faxalax hf. í nóvember og desember 1989 á dómskjali nr. 72 þykir stefnda ekki hafa tekist að hnekkja þeirri fullyrðingu stefnanda, að andvirði seldra afurða innan lands hefði ekki hrokkið til að greiða þann hluta afurðalánsins á 1. veðrétti, sem þegar var gjaldfallinn vegna minnkandi birgða. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að ráðstöfun andvirðis þessara afurða hafi haft áhrif á skuldbindingar hans gagnvart bankanum, verður ekki á þessa málsástæðu fallist.

Þá þykir það ekki hafa áhrif á gildi sjálfskuldarábyrgðarinnar, að lánið var afgreitt til Faxalax hf. 4. desember 1989. Telja verður, að stefndi hefði getað beðið með útgáfu sjálfskuldarábyrgðarinnar, þar til ný eldisáætlun yrði lögð fram, ef það var ákvörðunarástæða sjóðsins, að fjárhæð lánsins byggðist á nýrri eldisáætlun. Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á, að bankanum hafi borið að bíða með lánveitinguna, enda engir fyrirvarar gerðir um slíkt í samstarfssamningi eða sjálfskuldarábyrgð, sem gefin var út 1. desember 1989.

Með vísan til ofanritaðs þykir stefnda ekki hafa tekist að sýna fram á neitt það, sem leyst geti hann undan sjálfskuldarábyrgð þeirri, sem Framkvæmdasjóður Íslands hf. tókst á hendur gagnvart Verslunarbanka Íslands, og þar sem stefndi hefur ekki mótmælt stefnukröfunum tölulega, ber að taka allar kröfur stefnanda til greina. Dráttarvextir reiknast eins og greinir í dómsorði, en stefndi hefur ekki mótmælt upphafstíma dráttarvaxtakröfu. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 1.500.000 kr. í

málskostnað, og er þá tekið tillit til lagaákvæða um skyldu til að innheimta virðisaukaskatt af lögmannspóknun, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgðadeild fiskeldislána, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 32.209.092 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags og 1.500.000 kr. í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.
